

# Kennslulýsingar valgreina í 10. bekk 2017-2018

Nemendur fá kynningu í skólanum á fyrirkomulagi valgreinakerfisins. Farið verður yfir eyðublað valgreina með nemendum sem þeir fylla síðan út heima með foreldrum sínum. Þá fá nemendur heim með sér bréf með upplýsingum varðandi val valgreina. Allar kennslulýsingar innan- og utanskólavals er að finna á heimasíðu skólans. Hver valgrein er tvær kennslustundir á viku.

## Ég um mig frá mér til mín

Valgrein sem miðar að því að styrkja nemendur sem einstaklinga og hafa gaman saman. Farið verður í gegnum töluverða sjálfsskoðun. Meðal þess sem farið er yfir má nefna að setja sér markmið, tengsl eigin hugsana, hegðunar og líðan. Hvernig sjáum við okkur sjálf og getum stýrt eigin tilfinningum og hugsunum, hvernig hefur það áhrif á líðan? Hvernig finnum við lausn á samskiptamálum og sýnum ábyrga hegðun. Hvernig getum við skipulagt tíma okkar þannig að við höfum pláss fyrir það sem við þurfum að gera og það sem okkur finnst mikilvægt og skemmtilegt.

Markmið:

- Að efla og auka jákvæða hugsun
- Að styrkja sjálfspökkingu og sjálfsmynd nemenda
- Að nemendur séu meðvitaðir um hvað hefur áhrif á líðan þeirra og hvað þeir geta gert til að stjórna henni
- Að styrkja samskiptahæfni
- Að nemendur þekki aðferðir sem hjálpa þeim að takast á við erfiðleika sem upp koma í daglegum samskiptum og finna úrræði þegar þess er þörf.

Mikil fjölbreyttni er í verkefnum, umræður, leikir, ljósmyndamarabon, hópavinna, skrifleg verkefni og ýmis önnur verkefni sem henta viðfangsefninu.

Námsmat: Ekki eru próf en gerð er krafa um að hver einstaklingur skili vinnubók með verkefnum sem flest eru unnin í tímum. Nokkur heimaverkefni verða lögð fyrir og ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í öllum kennslustundum.

Kennarar: Raket námsráðgjafi og Birna G iðjuþjálfari

## Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar)

Félagsmálafræði er valgrein þar sem lögð er áhersla á hópefli/leiki og umræður. Nemendur sem velja áfangann taka að sér að skipuleggja starfið í sinni félagsmiðstöð undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar (setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim). Nemendur fá fjölbreyttar fræðslur, bæði frá starfsmönnum félagsmiðstöðvanna og frá utanaðkomandi aðilum.

Þeir sem velja að vera í valinu eru nemendur sem hafa **áhuga** á því sem verið er að gera og hafa **áhuga** á félagsmiðstöðinni sinni. Einnig þurfa þeir að vera **virkir** þátttakendur, bæði í kennslutímum og í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Á haustin er farið í dagsferð þar sem allir unglingar úr félagsmálafræði Akureyrar hittast og eyða deginum saman í skemmtilegum leikjum og hópefli. Seinni part vors skipuleggur valgreinin uppskeruhátíð sér til skemmtunar (gistikvöld, dagsferð, bíó, keila osfrv.).

### Námsmat:

Valið er metið þannig að annað hvort fá nemendur F (fall) eða S (staðist). Leiðbeinandi metur hvern nemanda út frá virkni, áhuga og mætingu.

### Dæmi um viðburði:

**Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna:**

Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), Stulli stuttmyndahátíð, íþróttadagur og spurningakeppni.

**Viðburðir innan félagsmiðstöðvar:**

Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

**Hönnun og smíði**

Byggt er á einstaklingsmiðaðri verkefnavinnu þar sem hver og einn vinnur að sínu verkefni undir leiðsögn kennarans. Unnið verður úr hefðbundnum tréefnum. Rafsoðið og smíðað úr járn.

Möguleiki verður á því að vinna með plast, mósaik, leður og fleira sem til fellur.

Nemendur þurfa að geta beitt helstu smíðaverkfærum á sjálfstæðan hátt, auk þess að gera sér grein fyrir mikilvægi viðhalds verkfæra.

Lögð er áhersla á frumkvæði, vandvirkni og nákvæmni í vinnubrögðum og að verkefni krefjist góðrar þekkingar á þeim vinnubrögðum sem kennd hafa verið og taki auk þess mið af þeim markmiðum sem sett eru.

Námsmat: Færni, vinnubrögð, vinnusemi, frumkvæði, umgengni og frágangur.

**Íþróttir**

Helstu áhersluatriði: Farið er nákvæmar í öll atriði íþróttanna og nemendur vinna meira sjálfstætt í þeim íþróttagreinum sem farið er í.

Námsmat: Matið er byggt á frammistöðu í tímum, mætingu og símati allan veturinn.

**Legó**

Markmið valgreinarinnar er að vekja áhuga nemenda á vísindum og tækni, sem og að efla sjálfstraust, leiðtogaþæfni og lífsleikni. Nemendur læra að beita stærðfræði og vísindum til að leysa raunveruleg verkefni og temja sér öguð vinnubrögð við öflun heimilda, úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Einnig læra nemendur að vinna sem liðsheild og að kynna verkefni fyrir áhorfendum.

Með þessu undirbúa nemendur sig fyrir þátttöku í keppninni FIRST LEGO League sem haldin er árlega.

Keppendur þar eru á aldrinum 10-16 ára. Í hverju liði eru að hámarki 10 keppendur og a.m.k. einn fullorðinn

leiðbeinandi. Öll lið fá senda þraut í upphafi skólaárs til að undirbúa sig þar sem unnið er með nýtt viðfangsefni á hverju ári.

<http://www.lego.com/en-us/mindstorms/videos/discover-ev3-9a6cf21750154fbf9f11ef342aca1369>

**Lestur og kvikmyndir**

Lesnar verða valdar bækur og að loknum lestri hverrar bókar verður horft á sjónvarpsþætti/kvikmyndir sem hafa verið byggðar á efninu. Umræður verða um bók og myndefni að því loknu og jafnvel unnin verkefni þeim tengd.

Markmiðið er að nemendur læri að njóta þess að lesa bækur og horfa á kvikmyndir/þætti. Geti lesið og horft með gagnrýnum huga, myndað sér skoðanir og tjáð þær. Að nemendur geri sér grein fyrir að bók og kvikmynd eru ólíkir miðlar.

Námsgögn: Íslenskar og þýddar skáldsögur og kvikmyndir/sjónvarpsþættir. Valin að hluta í samstarfi við nemendur.

Námsmat byggir á umræðum, hópvinnu og einstaklingsvinnu.

**Matreiðsla**

Helstu áhersluatriði: Áhersla er lögð á fjölbreyttar matreiðslu- og bakstursaðferðir sem byggja ofaná þann grunn sem nemendur hafa fengið við lok 8. bekkjar. Tekið er fyrir kjötréttir, fiskaréttir, grænmetisréttir, gerbakstur, súpur, matarlímsbúðingar, ísgerð, bakstur, tertur, brauðréttir ásamt réttum frá ýmsum löndum o.fl. Nemendur læra að þjóna til borðs og skipuleggja og útbúa mat við ýmis tækifæri eins og t.d. mat fyrir árhátíð 10. bekkjar. Stefnt er að því að fara eina vettvangsferð og þá skoða matvælafyrirtæki. Þessi valáfangi er góður grunnur fyrir þá sem hafa hug á framhaldsnámi í matvælagreinum.

Helstu markmið: eru að þjálfja sjálfstæð vinnubrögð, auka áhuga og virkni nemandans, auka getu hans til að vinna með öðrum og sýna samábyrgð.

Kennsluaðferðir: Hópastarf og samvinna.

Námsefni: Matreiðslubækur og ljósritað efni.

Námsmat: Vetrareinkunn sem byggð er á símati á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, virkni og frumkvæði nemandans í tímum ásamt verklegu prófi í lok hvorrar annar.

Haustönn: Vetrareinkunn 50%, verklegt próf 30% og verkefni 20%.

Vorönn: Vetrareinkunn 70% og verklegt próf 30%.

## **Myndlist**

Helstu áhersluatriði: Nemendur þjálfja skissugerð og þróun hugmynda til endanlegs myndverks. Þeir tileinka sér þekkingu í myndbyggingu í tvívídd og þrívídd, rými, formi, áferð, lit, línu, ljósi og nota til þess fjölbreyttar aðferðir og tækni s.s. málun, teiknun, grafík, mótun, tölvuforrit o.fl. eftir því sem tími vinnst til. Nemendur nýta sér stílbrigði og mynddæmi ákveðinna listamanna í eigin myndgerð í tengslum við þau verkefni sem unnin eru hverju sinni. Einnig verður unnið að gerð hreyfimynda og nemendur taka ljósmyndir á stafræna myndavél til frekari vinnslu í myndvinnsluforriti í tölvu. Reynt verður að vinna með varanlegra efni en áður hefur verið mögulegt. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Helsta námsefni: Bækur um listamenn, listastefnur, aðferðir og áhöld, Saga listarinnar, vefir Námsgagnastofnunar og Listasafns Íslands, menntagatt.is og ýmsar vefsíður um myndlist. Efnistöð byggja á þrepamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

Helstu kennsluaðferðir: Fyrirlestrar við upphaf kennslu, einstaklingsleiðsögn, samvinnunám, hópastarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, vinnubrögð, frágangur er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er stuðst við sjálfsmat nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

## **Námsaðstoð, moodle o.fl.**

Í þessari valgrein fá nemendur stuðning við að vinna moodle verkefni sín sem byggja á gagnvirkum stærðfræðiverkefnum. Önnur námsaðstoð verður að einhverju leyti í boði líka.

## **Skólahreysti.**

Fyrir þá nemendur sem vilja auka snerpu, styrk, úthald og þol m.a. með endurteknum æfingum og styttri hlaupum. Unnið verður með úthald og styrk sem þýðir margar endurtekningar á æfingum en ekki hámarksstyrk. Hlaupin eru styttri, en þess í stað er hlaupið nokkrum sinnum. Hægt að nota sem undirbúning fyrir þátttöku í skólahreysti. Kenndar verða 2x 40. mín.

Námsmat: Símat kennara, virkni nemenda, áhugi og frumkvæði.

## **Starfsnám í skóla - sérverkefni**

Helstu áhersluatriði: Verkefnin felast í ýmsu sem varðar námið og/eða annað sem tengist skólanum. Verkefnin geta verið af ýmsu tagi t.d. aðstoð í frístund eða mótuneyti; að taka að sér einstaklinga í frímínútum eða hádegi; að kynna skólann fyrir nýjum nemendum sem hefja nám eftir skólabyrjun; kynna skólann fyrir gestum sem koma í heimsókn; vinna gegn einelti og stuðla að betri samskiptum og líðan nemenda, aðstoð á bókasafni og ýmis fleiri verkefni eru möguleg og byggjast þau á nemendahópnum sem tekur þátt í þessu verkefni hverju sinni. Leiðir að markmiðum: Nemendur vinna saman í þörum eða hópum eftir því sem við á. Ekki er víst að allir nemendur sem eftir því óska geti verið með.

Námsmat verður í formi umsagna um frammistöðu, vilja og virkni.

## **Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri**